

Íshökkíþing 13.maí 2023



Skýrsla stjórnar

Á seinasta íshökkíþingi sem haldið var 15.maí 2021 var kosin nýr formaður og ný stjórn. Undirritaður, Helgi Páll Þórisson, var kosinn formaður, Jónína Margrét Guðbjartsdóttir, Bergur Jónsson, Hermann Haukur Aspar og Elín Dögg Guðmundsdóttir kosinir meðstjórnendur. Olgeir Olgeirsson, Eggert Steinsen og Kári Guðlaugsson voru kosnir í varastjórn ÍHÍ. Ný stjórn fékk það verðuga verkefni að koma hreyfingunni aftur af stað eftir truflanir á mótahaldi innanlands og þátttöku í mótum erlendis sökum heimsfaraldurs COVID-19. Samkomutakmarkanir vegna COVID-19 gerðu það að verkum að upphaf tímabilsins 2021-2022 fór ekki af stað með sama krafti og árin fyrir COVID og varð að fresta leikjum í nær öllum flokkum í þann tíma og einnig þegar nýjar samkomutakmarkanir voru settar á í upphafi árs 2022. Heimsfaraldurinn hafði mikil áhrif á skipulag og framkvæmd þeirra erlendu móta sem Ísland tók þátt í.

Haldin voru alls fjögur HM mót á Íslandi frá síðasta íshökkíþingi, þrjú í Reykjavík og eitt á Akureyri, og tókst framkvæmd þeirra með ágætum. Stjórn og framkvæmdastjóri ÍHÍ vilja þakka sérstaklega öllum þeim sjálfboðaliðum sem tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd þessara móta því án þeirra hefðu þessi mót ekki orðið eins glæsilega framkvæmd eins og raun bar vitni. Einnig má ekki gleyma þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum innan aðildarféлага ÍHÍ sem vinna gríðarlega mikið starf yfir allann veturinn til að gera umgjörð leikja og móta í öllum flokkum að þeirri góðu upplifun fyrir þátttakendur. Án þeirra væri ómögulegt að halda hreyfingunni starfandi.

Breyting varð á stjórn ÍHÍ tvívegis árið 2022. Jónína Margrét Guðbjartsdóttir, varaformaður ÍHÍ, sagði sig úr stjórn í byrjun september vegna persónulegra ástæðna og kom Olgeir Olgeirsson inn í stjórn þar sem hann var fyrsti varamaður. Í lok september sögðu Hermann Haukur Aspar og Elín Guðmundsdóttir sig einnig úr stjórn. Í þeirra stað komu varamennirnir Kári Guðlaugsson og Eggert Steinsen. Vert er að þakka þeim Jónínu, Hermann og Elínu fyrir þeirra störf og var sannarlega missir af þeim úr stjórn ÍHÍ.

Afreksstjóri tekur til starfa

Vladimir Kolek var ráðinn inn til ÍHÍ í júní 2021 sem afreksstjóri og aðalþjálfari karlalandsliðs Íslands í íshökkí. Vladimir, eða Vlado eins og hann er að öllu jafna kallaður, hóf strax störf við undirbúning á þeim alþjóðlegu mótum sem ljóst var að Ísland mundi taka þátt í árið 2021 og 2022 þrátt fyrir að ákveðin óvissa væri með mótahald IIHF sökum heimsfaraldurs COVID-19 annarstaðar en á Íslandi. Áhersla var lögð að hann myndi koma á meiri fagmennsku í umgjörð og starfi allra landsliða svo og innra starfi aðildarfélaga ÍHÍ í samstarfi við þá aðila sem þar starfa. Hann hefur nú starfað í tvö heil tímabil á Íslandi og munum við, að öllum líkindum, sjá áhrif af hans störfum innan hreyfingarinnar á komandi árum. Að vera með afreksstjóra í fullri vinnu hjá ÍHÍ er kostnaðarsamt og leitaðist sambandið við aðildarfélögin að taka meiri og virkari þátt í fjármögnun á því verkefni en ekki náðist samstaða um það í upphafi árs 2023. Stjórn ÍHÍ tók hins vegar ákvörðun um að semja við Vlado í eitt tímabil til viðbótar og mun hann koma til með að starfa meira að skipulagi og umgjörð landsliðsæfinga og mótahaldi í Íslandsmóti U21. Hann mun líka vera þjálfurum allra félaga og landsliða innan handar sé þess óskað.



Íslandsmót

Nokkuð rask var á mótahaldi Íslandsmóta allra flokka í upphafi og inn í 2021-2022 tímabilið sökum samkomutakmarkana en samt sem áður náðist að halda öll mót það tímabilið. Það var afar ánægjulegt að tímabilið 2022-2023 náðum við að vera með því sem næst eðlilegt íshökkí tímabil þar sem keppt var í öllum aldursflokkum. Ekki hefur verið keppt í Íslandsmóti U20 undanfarin ár en vonir standa til að á komandi vetri náum við að halda Íslandsmót í U21 til að gefa þessum einstaklingum þá leiki sem þeir þurfa sem liður í undirbúningi U18 og U20 landsliðum Íslands í komandi keppnum. Þrátt fyrir truflanir af völdum samkomutakmarkana náðum við að spila úrslitakeppni í Hertz-deild karla og kvenna árið 2022. SA Víkingar urðu Íslandsmeistarar árið tímabilið 2021-2022 eftir góða úrslitakeppni gegn Skautafélagi Reykjavíkur. Kvennalið Skautafélags Akureyrar varð Íslandsmeistari 2021-2022 og tímabilið 2022-2023 eftir nokkuð spennandi úrslitakeppni þar sem, t.d lokaleikurinn 2022 fór í framlengingu og vannst með einu marki. Skautafélag Reykjavíkur varð Íslandsmeistari tímabilið 2022-2023 eftir spennandi úrslitakeppni sem fór í oddaleik norður á Akureyri. 14 ár eru síðan að Skautafélag Reykjavíkur varð Íslandsmeistari síðast og alls eru 11 ár síðan að úrslitakeppni í Hertz-deild karla hefur farið í oddaleik.

Nýtt landslið - U18 stúlkna

Þrátt fyrir að Ísland nái ekki þeim lágmarks viðmiðum sem IIHF gerir kröfu um, hvað varðar fjölda iðkenda á tilsettum aldri, til að tefla fram liði í U18 kvenna bauðst Íslandi að senda inn lið til þátttöku. Eftir stutt samtál við aðila innan hreyfingarinnar var ákveðið að senda inn umsókn um að taka þátt í HM U18 kvenna sem átti að halda í Tyrklandi dagana 22.-27.janúar 2022. Sarah Smiley var ráðinn sem aðalþjálfari liðsins og Alexandra Hafsteinsdóttir sem aðstoðarþjálfari. Þeirra fyrsta verkefni var fjögurra þjóða mót (4Nations) sem haldið var í



Skautahöllinni í Laugardal, dagana 11. til 14.nóvember 2021, þar sem þátttökupjóðir, fyrir utan Ísland, voru Spánn, Pólland og Bretland. Mótið heppnaðist vel og fóru allir leikir liðsins í reynslubankann. Þegar nær dró keppni á HM U18 kvenna, 2 deild, var heimsfaraldur COVID-19 en að valda vandræðum í Evrópu og var því mótinu frestað til 27.júní - 5.júlí 2022. Þá varð ljóst að Sarah og Alexandra gátu ekki tekið verkefnið að sér og hlupu þá Jónína Margrét Guðbjartsdóttir og Laura-Ann Murphy í skarðið og fóru með hópinn til Istanbúl í Tyrklandi. Fyrirfram var vitað að Ísland væri með yngsta og reynslu minnsta liðið í keppninni og voru væntingar til liðsins í samræmi við það. Í því móti lenti Ísland í 9 sæti. Spiluðu þær fjóra leiki sem fóru allir beint í mjög svo mikilvægan reynslubanka fyrir þann hóp stúlkna sem tóku þar þátt.

Næsta verkefni fyrir þessa liðs var ekki langt undan eða nokkrum mánuðum síðar í Sofíu, Búlgaríu, dagana 26. janúar til 5.febrúar 2023. Fyrir það verkefni var Laura-Ann Murphy sett sem aðalþjálfari liðsins og Alexandra Hafsteinsdóttir kom inn aftur sem aðstoðarþjálfari. Liðið gerði sér lítið fyrir og náði bronsverðlaunum eftir að hafa borið sigurorð af liðum frá Nýja Sjálandi, Eistlandi og Búlgaríu. Tilkoma þessa liðs er afar mikilvæg fyrir áframhaldandi þróun leikmanna í kvennaflokki ekki síst fyrir yngri leikmenn sem eiga eftir að stíga inn í kvennalandsliðið í framtíðinni.

Kvennalandslið Íslands

Fljótlega eftir síðasta íshökkíþing var Jón Benedikt Gíslason endurráðinn sem aðalþjálfari og Emil Alengard sem aðstoðarþjálfari kvennalandsliðs Íslands fyrir komandi verkefni sem var undankeppni Ólympíuleikanna, sem haldin var í Nottingham í Englandi dagana 7. til



10.nóvember 2021, og síðan í beinu framhaldi HM (deild 2 B) sem haldið var í Zagreb í Króatíu dagna 17- 22. maí 2022. Kvennalandsliðið gerði sér lítið fyrir og vann það mót nokkuð sannfærandi með því sem næst fullt hús stiga og fór upp um deild eða í deild 2A. Það mót var haldið í Mexíkóborg dagana 2 - 7. apríl 2023 og fyrirfram var vitað að það mót yrði Íslandi erfitt enda er töliverður munur á deild 2B og 2A. Ákveðið var að gera undirbúning og umgjörð liðsins sem best og fór liðið ásamt starfsfólki nokkrum dögum fyrir mót til Mexíkó til æfinga, Kimberly McCullough kom inn í þjálfarateymið einnig fór Shawlee Gaudreault sem markmannsþjálfari. Aðstæður í skautahöllinni í Mexíkó voru ekki eins og best verður á kosið og litlu mátti muna að mótið færi ekki fram sökum slaks aðbúnaðar og sér í lagi var ísinn ansi tæpur. Kvennalandsliðið átti góða leiki gegn Mexíkó og Kínverska Taipei (Taívan) þar sem munaði einu marki í hvorum leik en aðrir leikir voru erfiðari. Niðurstaðan varð að Ísland lauk keppni með eitt stig og spilar í deild 2B á næsta ári.

U18 landslið drengja

Miloslav Račanský var ráðinn sem landsliðsþjálfari U18 árið tímabilið 2020-2021 en náði ekki að fara með U18 landslið Íslands á HM þar sem nær öllum mótum hjá IIHF voru felld niður. Haustið 2021 var Rúnar Freyr Rúnarsson ráðinn sem landsliðsþjálfari U18 og fékk hann kanada manninn Andrew Evan Coles með sér sem aðstoðarþjálfara þegar liðið fór á HM U18 (deild 3 A) sem haldið var í Istanbúl í Tyrklandi. U18 landsliðið endaði með brons medalíu eftir það mót. Næsta verkefni þar á eftir var HM U18 sem haldið var á Akureyri í mars 2023. Það mót var afar spennandi en Ísland endaði með silfur eftir afar spennubrunginn lokaleik gegn Ísrael.



U20 landslið drengja

Rúnar Freyr Rúnarsson var ráðinn sem landsliðsþjálfari U20 tímabilið 2020-2021 en þar sem öllum mótum á vegum IIHF voru felld niður árið 2021 og í líka í upphafi árs 2022 og náði hann ekki að fara með liðið á mótið sem halda átti í Belgrad í Serbíu árið 2021. Í upphafi tímabilsins 2021-2022 tók Rúnar við U18 landsliðinu og Vlado Kolek fór inn sem landsliðsþjálfari U20 ásamt



Miloslav Račanský. U20 landsliðið tók þátt í HM U20 (deild 2B) sem fram fór í Belgrad, Serbíu, í september 2022. Tímasetningin á mótinu var óvenjuleg þar sem um var að ræða frestað mót frá 2021. Vegna þess að bæði Rússland og Belarús hafði verið meinuð þátttaka í mótum IIHF fékk Ísland ekki niður í þriðju deild. Stjórn og framkvæmdastjóri ÍHÍ sóttu þá um að fá að halda næsta U20 mót og fengum. Það mót fór fram í Skautahöllinni í Laugardal í janúar 2023. Ísland endaði í 4. sæti á því móti.

Karlalandslið Íslands

Vlado Kolek og Sami Lehtinen tóku að sér það verkefni að vera þjálfarar karlalandsliðs Íslands árið 2021. Þar sem engin ekkert mót var haldið árið 2021 sökum heimsfaraldurs COVID-19 var það mót, sem Ísland átti að halda og taka þátt í, fellt niður en sett aftur á dagskrá í apríl 2022.

Á því mót vann Ísland gullið með fullt hús stiga. Næsta verkefni liðsins var að taka þátt á HM (deild 2A) sem haldið var í Madríd á Spáni í apríl 2023. Ljóst var að

það mót yrði Íslandi erfitt þar sem töluverður munur er á deild 2B og 2A, Ísland hefur í raun ekki spilað í jafn sterku móti áður. Karlalandsliðið endaði í síðasta sæti eftir sárt tap gegn Ísrael í lokaleik sínum á mótinu. Íslenska karlalandsliðið mun því spila í deild 2B að ári.



Áframhaldandi verkefni

Undanfarin ár hefur framkvæmdastjóri og stjórn ÍHÍ rætt við sveitarfélög, bæarafélög, íþróttafélög og einkaaðila um að koma að því verkefni að setja upp skautasvell svo hægt sé að hefja æfingar og keppni í íþróttum sem stundaðar eru á ís. Með í þessum samtölum hafa fulltrúar hjá Skautasambandi Íslands, krullu og fleiri aðilum og hafa komið fram margar hugmyndir af ýmsum stærðum og gerðum í þeim samtölum. Staða sveitarfélaganna hefur síst farið batnandi á þessum tíma þannig að það er nokkuð útséð með að skautasvell mun ekki rísa öðruvísi en með aðkomu einkaaðila sem sjá sér tækifæri í að reisa og reka skautasvell. Það er afar mikilvægt fyrir hreyfinguna að stækka á næstu árum og besta og varanlega leiðin til þess er að fjölga félögum sem geta hafið barna og unglिंगastarf og þannig byggt upp íshokki fólk framtíðarinnar.

Í síkviku auglýsinga og fjölmiðlaumhverfi þá er það verkefni að kynna og fjalla um íshokki á Íslandi að verða meiri og meiri áskorun. Það sem dugði til og virkaði fyrir einu eða tveimur árum síðan er ekki nægilegt í dag. Í upphafi árs 2023 breytti ÍHÍ vefnum ishokki.is úr almennum kynningarvef í fréttavef um íshokki. Var það viðleitni til að tryggja birtingu á efni um íshokki á Íslandi og erlendis á frekar breiðu sviði. Í enda ársins 2022 auglýsti ÍHÍ eftir starfi fjölmiðlara sem tæki að sér greinaskrif/umfjallanir fyrir vef og vinnslu efnis á samfélagsmiðla til þess að kynna íshokki og sjá um umfjallanir af leikjum í Hertz-deildum karla og kvenna. Ráðnir voru þrír

aðilar, þeir Stefán Oddur Hrafnsson; Ingbór Árnason og Atli Steinn Guðmundsson, sem skiptu með sér þessu starfi og afurðina er hægt að sjá á ishokki.is og á samfélagsmiðlum ÍHÍ. Það verður ákvörðun nýrrar stjórnar ÍHÍ hvort að haldið verði áfram á þessari braut eða farin einhver önnur leið til að breiða út boðskapinn í fjölmiðlum og víðar.

Með auknu umfangi í landsliðs starfi ÍHÍ með t.d tilkomu U18 landsliði stúlkna og aukinni þátttöku í erlendum mótum hjá nær öllum landsliðum þá er þörfin á virkri og öflugri landsliðsnefnd innan ÍHÍ að verða meiri. Það er afar brýnt fyrir nýja stjórn ÍHÍ, sem kosin er núna á Íshökkíþingi, að fá fólk úr hreyfingunni inn í landsliðsnefnd til starfa svo að hægt sé að gera utanumhald, skipulag og fjármögnun í kringum landsliðin eins best verður á kosið.

Lokaorð

Það er mín von að ný stjórn ÍHÍ, sem kosin verður í dag, komi til með að láta til sín taka í þeim verkefnum sem framundan eru því af nógu er af taka.

Ég óska ykkur öllum ánægulegs íshökkíþings.

Helgi Páll Þórisson
Formaður
Íshökkísamband Íslands.